

M-57/2008. Álit 31. október 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. október 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-57/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreið hjá Y, sem mun vera hluti af eða sama fyrirtæki og Z. Álitsbeiðandi segir sér hafa verið gefnar rangar upplýsingar við kaupin og vill rifta þeim.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin óskaði eftir því með bréfi til álitsbeiðanda, dags. 2. september sl., að hann sendi nefndinni ljósrit af kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni svo og þeim lánessamningi sem á henni hvílir og álitsbeiðandi tók við af seljanda. Nefndin fékk afrit af lánessamningnum 9. september, en ekki önnur þau gögn sem hún hafði beðið um. Með bréfi, dags. 10. september, gaf kærunefndin Z kost á andsvörum og bárust þau 15. september. Með bréfi, dags. 18. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör gagnaðila og bárust þau nefndinni 24. september. Með bréfi, dags. 25. september, var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar. Við nánari athugun á málinu ákvað nefndin að benda álitsbeiðanda á að beiðni hans beindist ekki gegn fyrrum eiganda og seljanda bifreiðarinnar og ákvað að gefa honum kost á því að koma að álitsbeiðni vegna þess aðila. Frestur í því skyni var veittur til 21. október. Engin svör bárust við bréfi nefndarinnar og var því aðilum tilkynnt með bréfi, dags. 27. október sl., að málið hefði verið tekið til afgreiðslu að nýju. Þar sem álitsbeiðandi sinnti ekki þeirri beiðni kærunefndarinnar að láta henni í té kaupsamning og afsal fyrir bifreiðinni óskaði nefndin eftir því að Z sendi nefndinni þau gögn sem hún fékk í hendur sama dag eða 27. október sl.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa séð bifreið auglýsta hjá Y og samkvæmt auglýsingu sem álitsbeiðninni fylgdi er um að ræða A jeppa árgerð 2001 ekinn 150.000 km. Ásett verð er kr. 2.290.000. Áhvílandi lán á jeppanum er sagt vera kr. 2.000.000, mánaðarleg afborgun kr. 39.000 og að lánveitandi sé SP fjármögnun. Álitsbeiðandi kveðst hafa spurt að því hvort verð og afborgun af láninu væri það sem auglýst væri og hafi bílasalinn svarað því játandi. Bílasalinn hafi að sinni ósk gengið frá söluskjölum en hann hafi ekki getað undirritað þau fyrr en eftir kl. 18.00 vegna vinnu sinnar.

Álitsbeiðandi segist hafa fengið að vita 11 dögum seinna að fyrsta afborgun sín af láninu væri ekki kr. 39.000 eins og auglýst hefði verið heldur kr. 52.000. Þá hefði hann spurt um það hvort skipt hefði verið um tímareim og því svarað að það hefði verið gert eftir 140.000 akstur bifreiðarinnar. Samkvæmt þjónustubók hefði verið skipt um tímareim

eftir 92.000 km akstur og hafi því verið komið að næstu skiptum á tímareiminni. Álitsbeiðandi segist aldrei myndi hafa keypt bifreiðina hefði hann vitað hver afborgunin var í raun og tímabært væri að skipta um tímareimina.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að seljandi bifreiðarinnar er B.

V

Andsvör gagnaðila

Andsvör gagnaðila eru svohljóðandi:

„Þann 29.7. 2008 barst okkur símtal á Z og var spurt um bifreiðina A sem var í umboðssölu á vef okkar. Spurt var hvort bíllinn fengist á hreinni yfirtöku og hvort upplýsingarnar væru réttar. Því var svarað með því að þetta væru upplýsingar sem eigandi bílsins hefði gefið upp þegar hann skráði bílinn til sölu. Sölumaður var svo beðinn um að sækja um yfirtöku á láninu sem hann gerði og fékk samþykkt. Eftir lokun kom kaupandi á bílasöluna til að ganga frá kaupunum og skrifa undir pappíra. Þar benti sölumaður kaupanda á að lesa yfir gögnin og benti á að höfuðstóll lánsins væri nú hærri þegar lánið var fyrst gefið út og þess vegna gætu forsendur lánsins hafa breyst. Sölumaður gat ekki sótt upplýsingar um afborgun vegna þess að klukkan var orðin svo margt.

Það skal koma fram að sölumaður bauð kaupanda að skoða bílinn og prófa hann en kaupandi afþakkaði það boð.

Þegar flett er upp stöðu lána í forriti frá SP-Fjármögnun kemur aðeins upp staða höfuðstóls, lánstími og vanskil ef einhver eru, en ekki upplýsingar um afborgun. Yfirtökuýfirlýsing sem skrifað er undir við yfirtöku inniheldur ekki upplýsingar um afborgun.

Varðandi tímareim þá hafa bæði seljandi og sölumaður viðurkennt að þar gæti hafa orðið einhver misskilningur og hafa boðist til að skipta um tímareim kaupanda að kostnaðarlausu.

Einnig skal koma fram að blaðið sem kaupandi hefur framvísað þar sem bíllinn er auglýstur á netinu er ekki eins og það á að vera. Blaðið hefur verið ljósritað og skyggt hefur verið yfir texta sem á að vera neðst á blaðinu þar sem stendur „**engin ábyrgð er veitt gagnvart skaða sem hljótast kann af völdum skorts á upplýsingum eða rangra upplýsinga á vefnum.**“

Hér var ekki verið að reyna að plata kaupanda til að kaupa bifreiðina sem um ræðir. Einfaldlega var verið að reyna að aðstoða hann við þessi kaup sem fóru fram á mjög stuttum tíma. Bendum við á skoðunarskyldu kaupanda í þessu máli.“

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi gerir athugasemd við þann fyrirvara um ábyrgð á skorti á upplýsingum eða röngum upplýsingum sem gagnaðili segir hafa verið í auglýsingu um bílinn sem hann keypti og segir álitamál hvenær hún hafi verið sett inn á heimasíðu bílasölnnar. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við bílasöluna um miðjan dag og því hafi verið nægur tími fyrir hana að kanna stöðu lánsins sem á bifreiðinni hvíldi og upphæð afborgunar af því. Þá bendir álitsbeiðandi á 2. og 4. gr. reglugerðar nr. 44/2003 um upplýsingaskyldu í viðskiptum með notuð ökutæki.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Viðskiptin sem eru tilefni beiðni álitsbeiðanda fóru fram á milli eiganda bifreiðarinnar B og álitsbeiðanda fyrir milligöngu Z, sem hafði bifreiðina í umboðssölu. Af þessu leiðir að um viðskiptin fer eftir lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr., en þar segir að með neytendakaupum sé átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu. Byggja verður á því að Z hafi atvinnu af sölu bifreiða.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að kaupnum á bifreiðinni verði rift og þótt hann orði það ekki í álitsbeiðninni fylgir kröfu af því tagi krafa um endurgreiðslu kaupverðs. Kröfuna byggir álitsbeiðandi á því að hann hafi fengið rangar upplýsingar um hve háa fjárhæð þyrfti að greiða mánaðarlega af því láni sem hvíldi á bifreiðinni og hann yfirtók, þ.e. kr. 52.000 í stað kr. 39.000 eins og auglýst var, og eins að hann hafi ekki fengið réttar upplýsingar um hvenær skipt hefði verið um tímareim í bifreiðinni.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 28/1998 um verslunarátvinnu og 4. gr. reglugerðar nr. 44/2003 um upplýsingaskyldu í viðskiptum með notuð ökutæki er sú skylda lögð á bifreiðasala að hann afli upplýsinga, sem staðfestar skuli skriflega af seljanda, um hve mikið skráningarskyldu ökutæki hafi verið ekið og um ástand þess. Auk þess á bifreiðasali að afla skriflega annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Kærunefndin álitur að bæði fjárhæð afborgunar af láni því og hvenær skipt var síðast um tímareim á bifreiðinni falli undir þær upplýsingar sem kaupanda eru nauðsynlegar og bifreiðasala því skylt að afla.

Í andsvörum Z kemur fram að seljandinn hafi veitt fyrirtækinu upplýsingar um hver mánaðarleg afborgun lánsins væri, sem ekki reyndust réttar, en ekki kemur fram hvort seljandinn gerði það skriflega. Ekki liggur fyrir hvort seljandinn sjálfur gaf upplýsingar um það hvenær síðast hefði verið skipt um tímareim í bifreiðinni eða bílasalan aflaði þeirra sjálf með einhverjum hætti, en viðurkennt er af hálfu bílasölnunnar að þær upplýsingar hafi ekki verið réttar. Í andsvörunum bílasölnunnar kemur fram að bæði seljandi og sölumaður hafi viðurkennt að um skipti á tímareiminni gæti hafa orðið einhver misskilningur og hafa boðist til að skipta um tímareimina kaupanda að kostnaðarlausu.

Þegar skoðaðar eru auglýsingar á bifreiðum sem nú er að finna á heimasíðu Z þá er neðst á hverri auglýsingu svohljóðandi setning: „engin ábyrgð er veitt gagnvart skaða sem hljótast kann af völdum skorts á upplýsingum eða rangra upplýsinga á vefnum“ en til hennar er vitnað í andsvörum Z. Kærunefndin telur yfirgnæfandi líkur á því að þessa setningu hafi verið að finna í auglýsingunni um bifreiðina sem álitsbeiðandi keypti eins og í öðrum auglýsingum fyrirtækisins um bíla. Þá er að finna eftirfarandi setningu í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni: „Vegna laga um neytendakaup nr. 48/2003 er bent á að bifreiðasalinn er aðeins milliliður í viðskiptunum og er ekki samábyrgður seljandanum vegna skyldna hans.“

Í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir að umboðsmaður seljanda sem hafi atvinnu sína af sölu sé samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema neytanda hafi sérstaklega verið bent á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum.

Kærunefndinni þykir óhætt að byggja á því að Z hafi undanskilið sig ábyrgð á réttmæti upplýsinga í auglýsingu eins og þeirri sem birtist um bifreið þá sem álitseiddandi keypti. Eins er bent á það í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni að bifreiðasali sé milliliður og ekki samábyrgur seljanda. Kærunefndinni þykir ekki leitt í ljós gegn andmælum Z að fyrirtækið hafi sýnt af sér sagnæmt athæfi við öflun upplýsinga um bifreiðina A sem leitt gæti til skaðabótaskyldu þess eða riftunar kaupanna, en vill minna á að eigandi og bílasalan hafa boðist til þess að skipta um tímareim í bifreiðinni álitseiddanda að kostnaðarlausu.

Samkvæmt framansögðu þykir kærunefndinni kröfu um riftun kaupanna ranglega beint að Z. Þeirri kröfu hefði átt að beina að seljanda bifreiðarinnar eins og kærunefndin gaf álitseiddanda kost á í bréfi til hans, dags. 13. október sl., en hann sinnti ekki. Samkvæmt öllu því sem að framan segir álitur kærunefndin að hafna verði kröfum álitseiddanda.

VIII

Álitseidd

Kröfum álitseiddanda, X, á hendur Y, Z, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

